



HAPPRÆTTI DVALARHEIMILIS ALDRÆÐRA SJÓMANNA

TJARNARGÖTU 10 – REYKJAVÍK – Símar ~~2233~~ ^{Alþingi} 17757 – 17117

Erindi nr. Þ 113 / 611

komudagur 22/02 1991

Stjórn Happprættis D.A.S. lýsir áhyggjum sínum ef til þess kemur að frumvarp til laga um "Sjóðshappprætti" verði samþykkt á Alþingi. Það byggist á eftirfarandi:

1. Þróunin á happprættismarkaðnum undanfarinna ára hefur leitt af sér dvínandi vinsældir flokkahappprætta sem sjá má á meðf. töflu um sölu miða pr. mánuð í Happprætti D.A.S. Með sömu þróun verður Happprætti D.A.S. ekki til eftir fáein ár.
2. Hagnaður Happprættis D.A.S. stóð að mestu undir öllum framkvæmdum við Hrafnistu og Laugarásbíó í byrjun og lengi framan af en bá voru aðrir tímar. Því férfjarri í dag að Happprætti D.A.S. skili hlutverki sínu. Ástæðan er harðnandi samkeppni. Reglan virðist vera sú, því fleirri sem happprættin eru því minna bera þau úr bítum hvert fyrir sig. Á þetta hefur margsinnis verið bent. Stjórn Happprættis D.A.S. er þó á móti boði og bönnum, en einhversstaðar hljóta mörkin að vera. Benda má á að S.Á.Á og Flugbjörgunarsveitin töpuðu á sínum happprættum í desember síðastliðnum.
3. Stjórn Happprættis D.A.S. hefur reynt að brydda upp á nýjungum en ekki fengið hljómgrunn í ráðuneytinu m.a. var reynt að fá leyfi fyrir peningakassa-happprætti á Sjávarútvegssýningu kringum 1967. Rauði-krossinn fékk slíkt leyfi rétt á eftir. Einnig hefur verið leytað álits á því hvort möguleiki væri á að vera með ríkisskuldabréf í vinninga sjá bréf um það efni til fjármálaráðherra dags. 26.10.1989. Ekkert svar hefur borist.
4. Lög um Happprætti D.A.S. kveða á um að ákveðnir hlutir skulu vera á vinningaskrá m.a. búpeningur. Það sjá það allir í dag að slíkt er ekki hægt. Einnig hljóta allir að sjá hve samkeppnisaðstaða okkar gagnvart Happprætti Háskóla Íslands er slæm, t.d. þarf að kaupa fasteign sem á að vera í vinning ca. 17 mánuðum áður en dráttur fer fram og á tímabili er andvirði 1,1/2 einbýlishúss bundið fast. H.H.Í. getur að sama skapi



HAPPRÆTTI DVALARHEIMILIS ALDRADRA SJÓMANNA

TJARNARGÖTU 10 – REYKJAVÍK – SÍMAR: 24530 – 17757 – 17117


- 2 -

legið með slíka fjarmuni á bankabók og fengið vaxtatekjur af því.


5. Ef þetta framvarp verður að lögum er það krafa Happraættis D.A.S. að fá leyfi á sama tíma til að bjóða rikisskuldabréf í vinning.

Ekki má taka þetta svo að stjórn Happraættis D.A.S. sé á móti þyrlukaupum heldur hvernig að fjáröfluninni er staðið.

Það er verið að leysa mál ákveðins þrýstihóps með því að skapa glundroða í rekstri og uppbyggingu Hrafnistuheimilanna.



Sala miša pr. mánuš 79 - 91





Fulltrúaráð Sjómannadagsins

Í REYKJAVÍK OG HAFNARFIRÐI

Hrafnista
REYKJAVÍK, 26. okt. 1989

Hr. fjármálaráðherra
Ólafur Ragnar Grímsson.

Hr. ráðherra.

Félagar mínir í stjórn Sjómannadagsráðs og um leið í stjórn Happprættis DAS og Gullmiðans, sem er skafmiðahappprætti, hafa margoft rætt við mig um eftirfarandi spurningu:


Er nokkuð því til fyrirstöðu að Gullmiðinn fái leyfi til að vera meðríkistryggð skuldabréf á vinningaskrá sinni?

Ég hefi alltaf svarað því til, að þetta kynni að stangast á við einkaleyfi Happprættis Háskóla Íslands til peningahappprættis, en jafnframt bent á að peningalegar skuldbindingar væri ekki hið sama og reiðufé.

Nú vil ég hr. ráðherra fara þess á leit að þér og ráðuneyti yðar skeri úr um hvort þetta sé löglegt, áður en ég saki um slíkt leyfi til Dómsmálaráðuneytisins.

Ef slíkt leyfi fæst vænti ég þess að sú auglýsing, sem leyfið myndi skapa, hvetji mann og annan til kaupa á þessum skuldabréfum.

Með virðingu og vinsemd


Pétur Sigurðsson formaður
Sjómannadagsráðs



HAPDRÆTTI DVALARHEIMILIS ALDRADRA SJÓMANNA

TJARNARGÖTU 10 - REYKJAVÍK - SÍMAR: 24530 - 17757 - 17117

Reykjavík, 27. júlí '90

Dómsmálaráðuneytið,
e/o Dómsmálaráðherra
Hr. Óli Þ. Guðbjartsson,
Arnarhvoli.

Eins og yður mun kunnugt, hefur Hapdrætti D.A.S. rekið hapdrætti í 36 ár. Ágóðinn hefur runnið óskiptur til velferðamála aldrada og þá sér í lagi til uppbyggingar á elli- og hjúkrunarheimilunum á vegum Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði.

Vinsældir flokka-hapdrætta hafa dvínað töluvert nú undanfarin ár þar sem framboð á hverskonar hapdrættum, lottó ofl. hefur aukist svo gífurlega sem raun ber vitni. Markaðurinn hefur ekki stækkað, en hapdrættum hverskonar hefur fjölgað sem fengið hafa leyfi frá ráðuneytinu til að fá sneið af kökunni, þ.í. er minna sem hapdrættin bera úr bítum hvert fyrir sig. Á þetta hefur margsinnis verið bent á, en ráðuneytið ekki talið ástæðu til að draga úr leyfisveitingum.

Stjórnendur Hapdrættis D.A.S. hafa því haft áhyggjur af framtíð þess og hafa í hug að reyna fyrir sér með peningakössum samskonar og Rauði Kross Íslands hefur verið með. Er því óskað eftir því að fá slíkt leyfi frá ráðuneytinu.

Með von um að umsókn þessi hljóti jákvæðar undirtektir yðar vonumst við eftir svári eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllst,

Lh. Hapdrættis D.A.S.

Pétur Sigurðsson
stjórnarformaður

Sigurður Ágúst Sigurðsson
forstjóri Hapdrættis D.A.S.



2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómsvald, lögreglustjórn, tollgæzlu og innheimtu á tollum og gjöldum þeim, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta, notarialgerðir, yfirfjárráð svo og önnur málefni, er ákveðin verða í reglugerð.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrt hafa undir hann.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í happdrætti þessu skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Ágóði happdrættisins skal fenna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins, og afhendingu fjárens til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

Nr. 16.

30

13. apríl 1973.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 17.

13. apríl 1973.

L Ö G

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar,
nr. 60 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1973“ í 1. mgr. 85. gr. komi: 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 18.

16. apríl 1973.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag
á löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Á loðnuvertíð 1973 skal stofna loðnuflutningasjóð og skal loðnulöndunarnefnd, sbr. 2. gr., hafa stjórn hans með höndum. Kaupendur loðnu skulu greiða í loðnuflutningasjóð 15 auru á hvert kg landaðrar loðnu til bræðslu til viðbótar því lág-

Lög

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis
aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

Ágóði happdrættisins skal renna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

2. gr.

Orðin „og afhending fjáris til byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 1987.



Fulltrúaráð Sjómannadagsins

Í REYKJAVÍK OG HAFNARFIRÐI

Hrafnista
REYKJAVÍK, 5. febr. 1990

Allsherjarnefnd Efri deildar
Alþingi

Hr. formaður Jóhann Einvarðsson

Hr. formaður

Með hliðsjón af frumvarpi því sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um stöfnun nýs happdrættis viljum við vara við því aukna álagi sem kemur inn á hinn takmarkaða markað sem sala happdrættismiða hlýtur að hafa hér á landi.


Öll þau happdrætti sem nú starfa hér á landi eru í þágu mannúðar- og menningarmála.

Við í samtökum sjómanna - Sjómannadagsráði, höfum sem skjólstæðinga nær eittþúsund aldraða í Hrafnistu, Reykjavík, Hafnarfirði, Boðahlein og Naustahlein í Garðabæ í Skjóli og nú að hausti við Jökulgrunn í Reykjavík.

Ef lögvernduð happdrætti hér á landi verða m. a. til að kosta spil manna, svo sem bridge, billiard og skák, má búast við að þau fyrrnefndu verði undir í samkeppninni. Okkar samtökum finnst mjög fjarri að fjármagna nauðsynlegt öryggismál í þjóðfélaginu með happdrættum nema unnið sé að áfangamálum

Fyrir hönd stjórnar okkar fer ég fram á að lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna frá 1973 no. 16, verði breytt á þann veg að við upptalningu þá sem er í l. gr. bætist " og skuldabréf ríkissjóðs ".

Með vinsemi og virðingu
F.h. stjórnar Fulltrúaráðs
Sjómannadagsins í Reykjavík
og Hafnarfirði


Pétur Sigurðsson formaður